

Ed.

27. Frumvarp

til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Nesverslunarstaður í Norðfirði skal tekinn í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Neshrepp og heitir Norðfjarðarkaupstaður.

Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Suður-Múlasýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Landsstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Neshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lögin öðlast gildi, skuli skift milli sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Norðfirði.

3. gr.

Verslunarlóð kaupstaðarins er strandlengjan norðan fjarðarins, frá Bakkalæk að Naustalæk, 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls.

4. gr.

Í Norðfjarðarkaupstað skal skipaður bæjarfógeti með 3000 króna árs-launum, er greiðast úr rikissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum rikissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

Hann hefir og á hendi stjórn málefna kaupstaðarins og innheimtur og greiðslur bæjarsjóðs. Fær hann að launum fyrir þau störf 3000 krónur árlega, er greiðast úr bæjarsjóði. Heimilt er þó bæjarstjórn að skipa sjerstakan bæjargjaldkera, ef þörf krefur.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

6. gr.

Bæjarfulltrúar eru átta. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta, eftir tilögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

7. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinni, fara þrir frá 1. og 2. árið, en tveir þriðja árið. Hlutkesti skal ráða um það, hverjir fari frá í 1. og 2. skiftið. Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

8. gr.

Kosningarrjett hafa allir kaupstaðarbúar, konur og karlar, sem átt hafa lögheimili í kaupstaðnum í 1 ár, þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrjett hefir; þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, foreldrar og börn, nje heldur móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

Innan sextugs aldurs er hver kjörgengur karlmaður skyldur að taka við kosningu, hafi hann ekki sennilega ástæðu til að skorast undan. Kjörstjórn sker úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar.

Sá, sem hefir gegnt fulltrúastörfum 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þann starfa aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma og þann, er hann hefir verið fulltrúi.

9. gr.

Almennar fulltrúakosningar fara fram einhvern fyrsta virkan dag í janúar. Skrá skal semja um alla þá, er kosningarrjett hafa; skrána semur kjörstjórn, en hana skipa: oddviti bæjarstjórnar og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin kýs. Kjörskráin skal liggja bæjarbúum til sýnis á hentugum stað í 15 daga á undan kjördegi. Kærur gegn kjörskrá á að bera upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á þær.

10. gr.

Formaður kjörstjórnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku fyrir kjördag og með þeim hætti, sem vant er að boða þing eða fundi í kaupstaðnum.

11. gr.

Kærur yfir kosningargerð eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórn innan 8 daga eftir að kosningin fer fram. Leitar bæjarstjórnin álitis kjörstjórnar um kærurnar og leggur úrskurð sinn á málið innan 8 daga. Innan 15 daga, eftir að slíkur úrskurður er upp kveðinn, má kæra hann fyrir stjórnarráðinu.

Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður er lagður á framkomnar kærur. Þurfi uppkosning að fara fram, skal þegar til bennar stofnað og við hana nota hina síðast leiðrjettu kjörskrá.

12. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður ennfremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá þá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, sem hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn, kæra til stjórnarráðsins á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan.

13. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fram fara í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess, að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður, auk oddvita, minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og á móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningar, ef þess er krafist.

Það skal kunnbert bæjarfulltrúunum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda þegar oddvita þykir nauðsyn til

bera, eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið samþykkir þau.

14. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórnin tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi oddvita.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjlagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, sem á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins.

Með samþykkt, er stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, er þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstimatakörk og um bæjarfulltrúana.

15. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólaneftndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því aðeins, að hann sje bæjarfulltrúi.

16. gr.

Bæjarstjórnin skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirstukvenna og sáttasemjara.

17. gr.

Bæjarstjórnin ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarneftnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórnin kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarneftndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með byggingarsamþykkt, er

bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf einstakra manna skulu hafa lögtaksrjett og renna í bæjarsjóð.

18. gr.

Almanaksárið telst reikningsár bæjarins. Innan fyrsta dags nóvembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Því, sem á vantar til þess að standa straum af bæjarþörfum, skal jafnað niður eftir efnunum og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða á tveimur fundum með minst viku millibili. Við síðari umræðu skal ihuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein hennar fyrir sig. Skal áætlunin, í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram eigi síðar en 1. desember, og skal hún vera öllum til sýnis í 15 daga.

Án samþykkis stjórnarráðsins má ekkert ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa en svari meðaltali allra bæjargjalda 3 síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

19. gr.

Niðurföfnun eftir efnunum og ástæðum nær til allra, sem lögheimili hafa eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal draga það frá útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem rekin er í bænum og talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskap eða útgerð, má leggja gjald, þó ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar. Á sildveiði og sildarverkun í bænum eða á höfninni, á allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuinað, á ábúð á jörð eða jarðarluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, og lóðaafnot eða húseignir, er einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin skemri tíma.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög, sem hafa leyst borgarabryf, hafa sölubúð og vörur til sölu, má leggja útsvar, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

Heimilt er niðurföfnunarnefnd að krefjast þess, að bæjarbúar sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar

upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skytt er nefndinni og bæjarstjórn að halda slíkum upplýsingum leyndum.

20. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skipa 5 menn, og skulu þeir kosnir í febrúarmánuði til 6 ára. Á hverjum 3 ára fresti fara frá 3 og 2 nefndarmenn til skiftis. Um kosningarrjett þeirra og kjörgengi gildir hið sama og ákveðið er um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar, svo og um kosningaraðferðina; einnig um ályktanir nefndarinnar og atkvæðagreiðslur.

Enginn, sem kjörgengur er í bæjarstjórn, getur skorast undan kosningu í niðurjöfnunarnefnd; þó má enginn sitja samtímis í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn. Hver sá, sem verið hefir 6 ár í nefndinni eða lengur, er undanþeginn endurkosningu næstu 6 ár. Niðurjöfnunarnefndin kys formann úr sinum flokki.

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið störfum fyrir lok aprilmánaðar.

Til þess, að áætluð upphæð gjaldanna eftir eignum og ástæðum náist full og rýrist eigi við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda eða árangurslaust lögtak o. s. frv., er nefndinni heimilt að jafna niður allt að 10 af hundraði meira en til er tekið í áætluninni.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja til sýnis frá 1.—15. maí á hentugum stað, er nefndin auglýsir. Hverjum, sem bæjargjald er gert, er heimilt að kæra yfir skattgjaldi því, sem á hann er lagt eða aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, svo og yfir því, að einhverjum hafi verið slept. Kærun yfir niðurjöfnuninni skulu sendar nefndinni skriflega fyrir 31. maí. Innan 15 daga þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti kæra hans hafi verið tekin til greina. Ályktun nefndarinnar má svo innan 15 daga þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan 15 daga.

Ef kvartað er yfir skattgjaldi annars manns, eða að einhverjum hafi verið slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni áður en niðurjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fellir úrskurð sinn.

Kærun, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða eigi teknar til greina.

Enginn getur, með því að kæra skattgjald sitt, komist hjá því að greiða það á rjettum gjalddaga, en verði það lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgaldið er.

21. gr.

Aukaniðurjöfnun skal fram fara í fyrri hluta septembermánaðar, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flust hafa til bæjarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram, eða skattskyldir eru samkvæmt því, sem áður segir.

Aukaniðurjöfnunin skal lögð til sýnis vikutíma á sama hátt og fyr greinir.

22. gr.

Verði ágreiningur á milli Norðfjarðarkaupstaðar og einhvers annars sveitarfélags um það, hvornig skifta beri skattgjaldi manns, sker stjórnarráðið úr því.

Þykist einhver ekki vera skattskyldur í bænum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

23. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. október ár hvert, og ber gjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur bæjarins. Sju þau eigi greidd innan eins mánaðar frá gjalddaga, þá ber að taka þau lögtaki.

Sá, sem flytur sig burt úr bænum einhverntíma á árinu, er gjaldskyldur til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig.

Sá, sem flytur sig í bæinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, er gjaldskyldur frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

24. gr.

Bæjarstjórn, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sju rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; ennfremur gæta þess, að geymt sje, og eftir atvikum ávaxtað, fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórn hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabryfum og öðrum eignum bæjarins.

25. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni bæði, hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávisun oddvita. Oddviti ávisar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

26. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði, varningi o. fl. skal ekkert gjald greiða í rikissjóð.

27. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta rikisstjórninni og hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkestal, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

28. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum,

ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, nje heldur að endurnýja slik lán eða fresta greiðslu þeirra.

29. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur allar og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis í 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðunarmenn bæjarreikninga eru tveir, kosnir til 3 ára i senn. Skulu þeir kosnir samtímis og á sama hátt og niðurjöfnunarnefnd. Ekki mega þeir eiga sæti í bæjarstjórn. Þeir skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því er þeir fengu hann.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna, — en það skal hann hafa gert innan 15 daga, — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágríp, af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágríp að vera svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

30. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvila á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sinu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

31. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið á Norðfirði. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

32. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sjerstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

33. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 14. gr., má selja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal um brot á þeim.

34. gr.

Stjórnarráðið gerir ráðstafanir til, að lög þessi öðlist gildi 1. dag júní-mánaðar 1926.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Norðfjarðar hinsvegar gera með sjer samning um skifti á eignum og skuldum sýslusjóðsins. — Rísi nokkur ágreiningur um þau skifti, sker stjórnarráðið úr.
2. Fyrsta fjárhagsár kaupstaðarins telst frá 1. júní 1926 til 31. des. sama ár.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefir það ávalt verið að koma betur og betur í ljós, hve afaróþægilegt það er fyrir íbúa Neskaupþúns, að yfirvald þeirra skuli vera búsett á Eskifirði — í margra mílna fjarlægð.

Eins og nærri má geta, þarf hinn mikli mannfjöldi, sem þarna er saman kominn, oft að leita yfirvalds síns, og eins er það bráðnaðsynlegt vegna atvinnurekstrarins á staðnum, hinnar miklu verzlunar þar og siglinganna þangað, að yfirvald sje þar að öllum jafnaði til taks. Það virðist heldur ekki ósanngjarnt að ætlast til þess, að á fjölmennasta staðnum á Austurlandi eigi sæti maður, er gæta skuli læga og rjettar.

Kröfurnar um breytingu í þessa átt hafa orðið háværari með hverju ári, sem liðið hefir.

Hreppsnefndin í Nesverzlunarstað fór fram á það við sýslunefnd Suður-Múlasýslu á sýslufundi síðastl. vor, að sýslunefndin mælti með því við háa Alþingi, að Neshreppi yrði veitt bæjarrjettindi. Visaði sýslunefnd málinu frá »vegna ónógs undirbúnings«, eins og það var orðað. Fylgdi þó glögg greinargerð beiðni hreppsnefndarinnar. Eftir þeim undirtektum telur hreppsnefndin þýðingarlaust að beiðast aftur meðmæla sýslunefndar, vegna þess að sýslunefndin mun að sjálfsgöðu framvegis og án frekari röksemda telja undirbúninginn ónógan.

Öllum þeim, sem best þekkja til í Suður-Múlasýslu, er það vel kunnugt, að vegna staðháttanna á kaupþún þetta lítið sameiginlegt með sýslunni yfirleitt og að það er best komið sem sjerstakt umdæmi, og er krafan um aukna sjálfstjórn að því leyti hin fyllsta sanngirniskrafa. En til þess að atvinnulíf kaupþúnsins geti blómgastr enn betur en verið hefir hingað til, er því brýn þörf ýmsra mikilvægra breytinga. Þess vegna er mál þetta nú flutt fyrir hinu háa Alþingi, að íbúar staðarins treysta rjettsýni þess í því mikla nauðsynja- og umbótamáli, sem þetta er öllum íbúum Norðfjarðar.

Frumvarp það, sem hjer er lagt fram, er — eftir áskorun almennra sveit-
arfunda þar í kaupþúinu — samið af hreppsnefndinni í Neshreppi, samþykkt af
henni og flutt eftir beiðni hennar. Við samningu þess hefir verið farið eftir gild-
andi bæjarlögum fyrir önnur bæjarfjelög, og þá einkum eftir lögum þeirra bæja,
sem líkast er ástatt um, svo sem Siglufjörð og Seyðisfjörð.

Við síðastliðin áramót voru búsettir menn í Neskaupþúni tæpt 1 þúsund,
og er það um 100 manns fleira en um áramót næstu á undan, svo augljóst er,
hve kaupþúnið er í hröðum vexti. Meginorsök þessarar miklu mannfjölgunar er
auðvitað fyrst og fremst sú, að hægara er að stunda þaðan fiskiveiðar en frá
flestum öðrum stöðum austanlands, bæði vegna þess, að beint út af Norðfirði
liggja einhver hin ágætustu bátafiskimið, sem til eru fyrir Austurlandi, og eins
vegna hins, að innsiglingin til Norðfjarðar er bæði stutt og hrein og höfnin góð.
Berst því stundum ógrynni fiskjar þar á land, enda eru gerðir út úr kaupþún-
inu yfir 30 vjelbátar og skip og um 40 róðrabátar.

Auk íbúa kaupþúnsins, sem atvinnu sína hafa af fiskveiðum, fiskverkun
og versluninni á staðnum, er þar á sumrin fjöldi aðkomufólks, sem einnig starfar
að þessari vinnu, því auk þess fiskjar, sem aflað er á skip og báta frá Norðfirði,
er mikið keypt af útlendum fiskiskipum (einkum færeyskum).

Siglingar til kaupþúnsins eru altaf að aukast, eins og sjá má af því, að
árið 1924 komu þangað 164 fiski- og flutningaskip, en 1925 voru þau 280, og
má búast við, að þeim fremur fjölgi en fækki á næstu árum. Siglingarnar hafa
það í för með sjer, að meiri þörf er yfirvalds þar á staðnum en verið hefir. En
eins og nú er ástatt er ekki hægt um vik að ná til sýslumannsins á Eskifirði.
Er það a. m. k. altaf mjög kostnaðarsamt og oft nærri ókleift, þó þörfin sje brýn,
því eins og nærri má geta er þörf meiri löggæslu á svo fjölmönnum stað sem
Norðfjörður er en valdalítill hreppstjóri getur int af hendi.

Auk þessa er enn eitt, sem benda má á og er mikilsvert. Það er inn-
heimta á tekjum ríkissjóðs á Norðfirði. Tekjur ríkissjóðs af kaupþúinu þessu munu
nema hátt á þriðja hundrað þúsund króna árlega tvö síðastliðin ár. Innheimtu
þessara ríkistekna annast sýslumaður Suður-Múlasýslu að nokkru leyti sjálfur,
en að öðru leyti annast hana hreppstjórnin í Neshreppi. Af tekjum síðasta árs
hefir hreppstjórnin innheimt yfir 100 þús. krónur,

Af þessu má sjá, að það eru ærnir hagsmunir, sem ríkissjóður hefir að
gæta þar, og því ekki nema sanngjarnt, að hann leggi eitthvað af mörkum til
þessa. En eins og nú er ástatt, er hreppstjórarstarfið aukastarf, og því ósanngjarnt
að gera kröfu til, að það verði rækt svo vel sem krefjast mætti, ef um launað
yfirvald væri að ræða.

Þetta tvent: að ríkinu sje trygður þar trúnaðarmaður, er ávalt sje til taks
til að gæta hagsmuna ríkisins og halda uppi landslögum, og að íbúar þessa fjöl-
menna kaupþúns eigi sem greiðastan aðgang að aðstoð lögreglustjóra og dómara,
þegar þörf þeirra krefur, er svo mikilsvert, að það eitt ætti að nægja til þess, að
breyting í þá átt, sem fram á er farið í frv., gæti náð fram að ganga.

En auk þessarar hliðar málsins er einnig önnur breyting, sem nauðsyn-
legt er, að fáist framgengt, og svo vel vill til, að hjer getur orðið hinni samferða.
Er þar átt við breytingu á fyrirkomulagi á stjórn sveitarmálefna.

Það hefir þegar sýnt sig með öll fjölmennari kauptún hjer á landi, að sveitarstjórnarlögin hafa reynst þeim ófullnægjandi, er kauptúnin urðu mannmörg og atvinnulíf margþætt og umsvifamikið. Eins er og verður auðvitað ástatt um Norðfjörð.

Nú þegar eru þau störf, sem á oddvita hvíla, svo umfangs- og ábyrgðarmikil, að ekki getur rjett talist að láta þau hvíla sem lítt launuð aukastörf á manni eða mönnum, sem öllum sínum tíma verða að verja til annara starfa. Því til sönnunar, að svo er nú orðið, vil jeg benda á, að skuldlausar eignir hreppsins eru nú um 60 þús. krónur, reikningsumsetning síðasta árs um 50 þús. krónur hvorumegin og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs að upphæð kr. 58400. — Þegar svo hjer við bætist, að ákvæðið er á næstu árum að ráðast í ýms bæjarfyrirtæki, svo sem skólahúsbyggingu, byggingu rafstöðvar o. fl., hlýtur öllum að vera ljóst, hve nauðsynlegt er, að slíkt starf sem stjórn sveitarmálefna er, verði fengið í hendur manni, er gegni því svo vel sem verða má, enda fáí hann full laun fyrir.

Ennfremur má benda á það, að ýms ákvæði sveitarstjórnarlaganna, svo sem reikningsárið, kosningafyrirkomulag, útsvarsálagning, innheimtutími gjalda o. fl. geta varla talist eiga lengur við á stað eins og Norðfirði, enda hefir þeim ákvæðum flestum verið breytt í kaupstöðunum.

Frv. ber með sjer, hverjar breytingar á því sviði eru taldar æskilegar, og skal eigi lengra farið út í það hjer.

Eins og nú er ástatt á Norðfirði mundi einn vel hæfur maður geta annast bæði lögreglustjórn, dómstjórn og stjórn kaupstaðarmálefna, þó vitanlega þyrfti hann skrifstofuhjálpar við, a. m. k. tíma úr árinu.

Virðist því svo, sem sú krafa, er hjer er fram borin, sje ekki ósanngjörn. Hreppsnefndinni og öllum íbúum kauptúnsins er það vel ljóst, að hjer er ekki um fjárhagslegt sparnaðaratriði að ræða fyrir kauptúnið, en hinsvegar eru allir sammála um, að því fyrirkomulagi, sem nú er á löggæslu í kauptúninu og stjórn hreppsmálefna, verði að breyta og að það getur ekki breyst til batnaðar nema meira fje sje varið til þess en hingað til hefir verið gert. Er því sú leið, sem ráðgert er að fara með frv. þessu, hin eina, sem sameinar þær nauðsynjakröfur, sem þörf er að fá framgengt á þann hátt, sem minstur kostnaður en mestur vinningur er að bæði fyrir ríkið og sveitarfjlagið.